



TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

Hábraut 2

200 Kópavogur

Ársskýrsla 2011
3. starfsár

Starfsemin á árinu 2011

Tónlistarsafnið hefur frá opnun þess, 9. maí árið 2009 haft reglulega opnunartíma alla virka daga ársins frá kl. 10.00-16.00. Einnig hefur safnið verið opið um helgar fyrsta sýningarmánuð hverrar sýningar svo og á einstökum viðburðardögum eins og á Safnanótt, á Hamraborgarhátíð og slíkum dögum. Á fyrstu starfsmánuðum ársins 2011 var engin sýning í Tónlistarsafni en, en sýningunni um Sigfús Halldórsson, sem staðið hafði uppi fram í desember 2010 var pakkað niður, og send til Akureyrar þar sem hún var sett upp í Tónlistarskóla Akureyrar í Hofi í byrjun febrúar 2011, en þar stóð hún til 19. október sama ár. Fóru starfsmenn Tónlistarsafns þá til Akureyrar, tóku sýninguna niður og settu upp í Tónlistarskóla Ísafjarðar.

5. sýning Tónlistarsafns - Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Síðla árs árið 2010 kom til starfa í safninu Guðrún Helga Stefánsdóttir, meistaraniemi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, og starfaði í safninu í rúma 4 mánuði. Var starf hennar hluti af lokaritgerð hennar við skólann og fólst í því að skipuleggja og setja upp sýningu um Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrsta tónskáld Íslendinga. Sýningin opnaði svo almenningi 12 mars 2011. Byggði hún að mestu leyti á munum er safninu hafði áskotnast frá afkomendum Sveinbjörns í Kanada. Þá gerðu starfsmenn safnsins rúmlega 1 1/2 tíma myndskreytta frásögn af lífi og starfi tónskáldsins og var hún sýnd á meðan á sýningunni stóð, og er hún aðgengileg á heimasíðu safnsins.

Safnanótt 2011

Tónlistarsafn tók þátt í Safnanótt 2011 með því að hafa safnið opið til kl. 23.00, og sýndi þá myndskreyttu frásögn sem unnin hafði verið í tengslum við sýninguna um Sveinbjörn Sveinbjörnsson (100 mínútur)

Starfsmannamál.

Auk forstöðumanns, sem er fastráðinn í fullt starf, starfaði einni Jón Hrólfur Sigurjónsson í hálfu starfi á safninu. Auk hans „komu við“ á safninu 6 starfsmenn, 4 ráðnir í gegnum atvinnuáttak Vinnumálastofnunar, og 2 vegna sumarstarfa á vegum Kópavogsbæjar. Unnu þeir allir að skráningu á safnkosti. Ber þar hæst tölvuskráning á spjaldskrá úr safni Tónlistarsögu Íslands, alls um 17.000 handskrifuð spjöld sem innihalda frásögn af tónlistarviðburðum sem fjallað er um í íslenskum blöðum og tímaritum frá upphafi fram undir 1950. Þá voru skráðu þessir starfsmenn nótnabækur í eigu safnsins auk þess að vinna að frágangi gagna í geymslum safnsins. Allir

Gögn er borist hafa safninu.

Á árinu 2011 barst Tónlistarsafni fjöldi sögulegra gagna til varðveislu, allt brá bréfasöfnum upp í orgelharmoníum. Sérstaklega er gerð grein fyrir þessum gjöfum í viðauka aftast í þessari skýrslu.

Geymslur





Tónlistarsafn Íslands hefur afnot af geymslurými í Safnaðarheimili Kópavogskirkju, sem staðsett er við hlið safnsins. Þar hefur verið unnið markvisst að því að frumskrá gögn þau er til safnsins berast og ganga frá þeir til síðari frekari skráningar.

Ungmennafræðsla

Tónlistarsafn hefur leitast við að hvetja skóla á öllum skólastigum til að heimsækja safnið. Fá nemendur yfirlit yfir starfsemi safnsins, eða sýningar á hverjum tíma og er farið yfir einstök atriði, m.a. með glærusýningum uppi á vegg. Þá hefur Tónlistarsafn unnið náið með Pamelu De Sensi flautuleikara þar sem hún hefur gefið leik- og grunnskólabörnum upplifun á einstökum atriðum úr tónlistarsögunni, með tónlist og leik - kallast Töfrahorn. Sjá má hér að neðan yfirlit yfir heimsóknir á árinu 2011.


9-nóv-2011	15:30-16:10	9		Tónskóli Sigursveins (tónfræðinemendur), Rey	Júlíana Rún Indriðadóttir	Tónlistars
9-nóv-2011	17:00-17:45	9		Tónskóli Sigursveins (tónfræðinemendur), Rey	Júlíana Rún Indriðadóttir	Tónlistars
21-nóv-2011	16:30-17:30	26		Tónskóli Sigursveins (tónfræðinemendur), Rey	Þórdís Þórhallsdóttir	Tónlistars
23-nóv-2011	16:30-17:30	25		Tónskóli Sigursveins (tónfræðinemendur), Rey	Þórdís Þórhallsdóttir	Tónlistars
24-nóv-2011	16:30-17:30	20		Tónskóli Sigursveins (tónfræðinemendur), Rey	Þórdís Þórhallsdóttir	Tónlistars
		89		- Tónlistarskólar, nóv. 2011		
21-nóv-2011	09:00-09:30	50	xx	Flataskóli - grunnskóli, Garðabæ	Hjördís	Mozart
21-nóv-2011	09:45-10:15	26	xx	Kopasteinn - leikskóla, Kópavogi	Linda Margrét	Mozart
21-nóv-2011	09:45-10:15	18	xx	Hamraskóli - grunnskóli, Reykjavík	?	Mozart
21-nóv-2011	10:30-11:00	44	xx	Hamraskóli - grunnskóli, Reykjavík	Sigurlaug	Mozart
22-nóv-2011	09:00-09:30	58	xx	Hvaleyrarskóli - grunnskóli, Hafnarfirði	Marsibil	Mozart
22-nóv-2011	09:45-10:15	64	xx	Áslandsskóli - grunnskóli, Hafnarfirði	Díana Ívarsdóttir	Mozart
22-nóv-2011	10:30-11:00	38	xx	Flataskóli - grunnskóli, Garðabæ	Ragna	Mozart
22-nóv-2011	10:30-11:00	21	xx	Suðurhlíðaskóli - einskaskóli (4.-7. bekk), Rey	Steinunn H.Theodórsdóttir	Mozart
24-nóv-2011	14:45-15:30	30	xx	Tónlistarskóli Kópavogs		Mozart
		349		- Leik- og grunnskólar, nóv. 2011		
		349		- heimsóknir alls í nóvember 2011		



Tónlistarsafn Íslands heldur úti þremur vefjum á Netinu; *musik.is* sem er upplýsingasíða um helstu viðburði í íslensku tónlistarlífi og er uppfærð reglulega tvisvar í viku; *tonlistarsafn.is*, sem er heimasíða Tónlistarsafns Íslands og *ismus.is* sem er gagnagrunnum um íslenska menningu í heild sinni og geymir ýmis verkefni sem Tónlistarsafn hefur yfirtekið, eins og kirkjuverkefni þar sem leitast er við að birta upplýsingar um allar íslenskar kirkjur, presta þeirra og organista frá upphafi auk sögu orgela og organista við hverja kirkju; Íslensk tónlistarhandrit varðveitt í öðrum söfnum, bókina Íslensk Þjóðlög eftir sr. Bjarna Þorsteinsson auk hljóðritaðs þjóðfræðaefti úr Stofnun Árna Magnússonar. Á árinu 2011 voru öll þessi verkefni í stöðugri þróun og verður gerð nánari grein fyrir þeim í ársskýrslu ársins 2012.

Safnkostur

Allt frá stofnun safnsins hefur almenningur leitað til safnsins með muni af ýmsum toga, bréf, bækur, upptökur, hljómplötur, myndir, handrit o.fl. - mest allt tónlistartengt, og óskað eftir að varðveittir séu á Tónlistarsafni Íslands. Í ljós hefur komið að safnið þarf að vera gagnrýnið á hvað það tekur við, eða tekið við t.d. nótnasöfnum með því fororði að við munum væntanlega grisja efnið metum við



það svo. Á þetta ekki síst við gamlar erlendar 78 snúninga klassískar hljómplötur og erlendar hljóðfæranótur. Erfitt er að leggja mat á umfang „safnkosts“ Tónlistarsafns skv. skráningu.


Leitast er við að skrá einstök lög, bæði á hljómplötum og í bókum og meta þarf því hvort 12 laga hljómplata er 1 safnkostur eða 12. Sama á við um bækur. Í bóka- og lagaskrá eru t.d. skráð um 10.000 skráningar, í hljóðritaskrá eru einnig um 10.000 lagatitlar skráðir og í spjaldskrá Tónlistarsögu Íslands eru um 16.000 viðburðir skráðir. Þá eru nokkrir stærri munir óskráðir í geymslum safnsins og mun verða gerð nánari grein fyrir þeim síðar.

Viðhorf til Tónlistarsafns Íslands

Almennt jákvætt viðhorf, og vaxandi áhugi á starfsemi tónlistarsafns hefur verið við líði allt frá opnun safnsins, í maí 2009. Birtist það m.a. í vaxandi áhuga fólks á að ánafnu safninu persónulegum munum, fyrirspurnum er berast safninu um heimsóknir, heimsóknum hópa sem jafnvel vilja koma utan opnunartíma og fá sérstakan fyrirlestur um starfsemi safnsins auk jákvæðra athugasemda í tölvu- og símasamskiptum við almenning.

Aðsókn

Hér má sjá yfirlit yfir aðsókn að Tónlistarsafni Íslands. En tekið skal fram að mjög vaxandi aðsókn hefur verið að netmiðlun safnsins.



Fræðslumál - erindi og önnur þátttaka starfsmanna

Mjög hefur færst í aukana að ýmsir hópar hafa óskað eftir að koma í safnið og fá stutt fræðsluerindi um starfsemi þess. Má þar nefna kennarahópa tónlistarskóla, menntaskóla, ýmsa félagahópa frá m.a. Rótarýhreifingunni og öðrum slíkum félagasamtökum, nemendur háskólanna, Listaháskólans, Háskóla Íslands og Háskólans að Bifrost.

Ársreikningur áránn 2008-2011

05-321-Tónlistarsafn Íslands

Nr.	Heiti	Hreyfing 2008	2009	2010	2011
982	Endurgreiðslur frá ríki (samningurinn)	0	-6.400.000	-5.700.000	-5.100.000
	- Annað	0	0	-79.344	-1.550.000
990	Aðrar tekjur	0	0	-786.407	-1.809.600
999	Tekjur alls	0	-6.400.000	-6.565.751	-8.459.600
1110	Mánaðarlaun	6.687.707	7.157.223	9.593.582	15.232.984
1121	Yfirvinna	44.053	2.149.251	1.481.904	1.518.633
1191	Mnefnda- og stjórnarlaun	0	78.125	321.180	
1702	Bifreiðahlunnindi	0	0	105.792	228.882
1792	Dagpeningar	0	0	0	148.014
1801	Tryggingagjald	0	0	0	1.661.402
1890	Launatengd gjöld	1.487.351	2.174.396	2.929.943	2.520.865
1906	Kaffikostnaður	0	22.100	78.783	667.809
1999	Starfsmannkostnaður alls	8.219.111	11.581.095	14.511.184	21.978.589
2011	Skrifstofuvörur	0	0	151.844	
2021	Bækur og áskrift	0	17.773	42.408	2.800
2032	Pappír og ritföng	0	141.864	98.736	34.493
2084	Smáhlutir og efni	0	148.534	145.579	410.866
2511	Rafmagn	0	0	126.325	
2853	Ýmis búnaður	0	2.745.673	1.645.911	1.557.325
2990	Önnur vörukaup	19.667	326.248	81.890	9.054
2999	Vörukaup alls	19.667	3.380.092	2.292.693	2.014.538
4011	Sími	0	122.368	127.757	101.258
4122	Sendibifreiðar	22.000	123.699	11.299	57.033
4211	Ferðakostnaður innanlands	0	0	10.580	21.360
4342	Aðkeypt þjónusta	111.205	604.935	1.326.779	2.132.367
4343	Hugbúnaðargerð (vsk)	0	0	0	658.007
4375	Eftirlitsgjöld	0	0	0	19.461
4398	Önnur þjónustukaup	0	0	42.625	9.050
4412	Reiknuð afnot	6.441.000	7.473.154	7.722.019	8.914.440
4911	Prentun og ljósrítun	0	91.521	264.150	167.650
4923	Námskeiðs- og skólagjöld	0	0	75.750	19.700
4960	Viðhald ósundurliðað	0	0	0	889.191
4969	Viðhald á vegum fasteignadeildar	0	14.850	0	31.627
4999	Þjónustukaup samtals	6.574.205	8.430.527	9.580.959	13.021.144
9999	Rekstrarniðurstaða (gjöld umfram tekju (gjöld umfram tekjur)	14.812.983	16.991.714	19.819.085	28.554.671

Kaup á öllum hugrétti, netmiðlara og öllum gögnum (eignfært) 10.000.000

Stofnframlag skv. 4. gr.- á móti safnaðstöðu -12.000.000 -6.000.000 -6.000.000

Tónlistarsafn Íslands í Kópavogi

Gjafir til Tónlistarsafns 2011 - stórar, smáar, beinar og óbeinar

13. desember 2011

Tónlist Einars Markan - þrjú nótnahefti

Birkir Örvarsson færði Tónlistarsafni að gjöf þrjú nótnahefti með músík Einars Markan - sagði þær annars myndu lenda í drasli hjá sér. Nótturnar eru úr búi Sigurðar F. Ólafssonar (1913-1967) og konu hans Svanlaugar Vilhjálmsdóttur (dáin rétt eftir 2000). Sigurður var framkvæmdastjóra Fálkans og síðar forstjóri. Þau hjón bjuggu í Reykjavík og voru lang-afi og amma Birkis.



25. nóvember 2011

LP hljómplötur

Jóhann Jónsson færir Tónlistarsafni til varðveislu gamlar íslenskar LP hljómplötur.

22. nóvember 2011

Langspil Guðrúnar Sveinsdóttur

Halla Hauksdóttir færði Tónlistarsafni þrjú langspil úr dánarbúi Guðrúnar Sveindóttur og vill gefa safninu það af [Njáll Sigurðsson ætlar að kanna hvernig David G. Woods fjallar um hljóðfærið í grein sinni um langspil].

22. nóvember 2011

Harmoníum frá Húsavík

Ingveldur (sími 692 2914) og Ragna Kristjánsdætur gefa Tónlistarsafni orgel harmoníum af gerðinni Lyon & Helay frá Chicago sem faðir þeirra, Kristján Sæþórsson, hafði keypt af stöðvarstjóra Laxárvirkjunar um 1948. Kristján lét yfirfara og lagfæra orgelið á 7. áratugnum. Kristján er nú látinn og þegar ekkja hans fluttist á elliheimili var ekki lengur pláss fyrir orgelið. Þá kviknaði sú hugmynd hvort Tónlistarsafn Íslands hefði áhuga á hljóðfærinu.



Þær systur áætla að orgelið se um 90 ára gamalt.

30. september 2011**Fyrsta selló Erlings Blöndal**


Erling Blöndal Bengtsson færir safninu að gjöf fyrsta sellóið sem smíðað var fyrir hann sérstaklega þegar hann var á 5. ári. Frumgerð að leirstyttu, ljósmyndir og annað smálegt fylgdi gjöfinni. Gripirnir verða til sýnis í Tónlistarsafni í sérstökum skáp.

**30. september 2011**

Gunilla Möller, Rauðalæk 3, 105 Reykjavík færir Tónlistarsafni að gjöf innbundna bók með strengjakvartettum Mozarts. Á saurblaði bókarinnar stendur skrifað:

Til Björns Ólafssonar sem er fyrsti nemandi í fiðluleik sem lauk prófi við Tónlistarskólann í Reykjavík vorið 1934. Viðurkenning fyrir sérstaka ástundun og alúð við námið. Fyrir hönd Tónlistarfélagins:

E. R. Jónsson, Haukur Gröndal, Björn Jónsson
F.

**28. september 2011****Íslensk dægur- og sönglög**

Birgir Jóhann Jóhannsson tannlæknir, Mánatúni 2 í Rvk. (553 7812), ánafnar Tónlistarsafni þrjá plastpoka fulla af íslenskum dægur- og sönglögum.

27. september 2011**Myndaalbúm og hljómplötur Svölu Nielsen**

Svala Nielsen söngkona færði safninu ljósmyndir úr óperuuppfærslum sem hún hafði tekið þátt í. Einnig færði hún safninu 10 plötur með íslenskum söngvurum.

3. september 2011**Danmarks Melodi Bog**

Una Margrét Jónsdóttir færir Tónlistarsafni Danmarks Melodi Bog, annað bindi. Bókin er merkileg sökum vandaðra viðgerða og handskrifaðs efnisyfirlits.

2. september 2011

Kjartan Jóhannesson organisti og söngfrömuður

Finnbogi Jóhannsson í Minni Mástungu kemur með mikið af gögnum sem tilheyra Kjartani Jóhannessyni á Stóra Núpi (1893-1972) sem var organisti og mikill söngmálafrömuður á 20. öld.



30. ágúst 2011

Helgi Júlíusson úrsmiður

Helgi Júlíusson úrsmiður færði safninu gamalt segulbandstæki og kassa með gömlum segulbandsspólum sem kanna þarf hvað innihalda.

Sonur Helga lét safnið einnig hafa 78 snúninga hljómplötur með Sigurður Skagfield.

26 júlí 2011

Markús Kristjánsson

Jón B. Guðlaugsson, m.a. velunnari íslenskrar tónlistar um langa hríð, færði Tónlistarsafni Íslands að gjöf fallega mynd af Markúsi Kristjánssyni píanóleikara auk þriggja útgáfa af bókinni „Die Lehre von der musikalischen Komposition“ eftir A. B. Marx. Lesa má nánar um Markús Kristjánsson í Tónlistarsögu Reykjavíkur, eftir Baldur Andrússon og sjá má á www.musik.is.



15. júlí 2011

Gögn úr búi Guðrúnar Sveinsdóttur söngkennara

Halla Hauksdóttir færði Tónlistarsafni Íslands að gjöf segulbandsspólur og ýmis skrifleg gögn úr búi Guðrúnar Sveinsdóttur söngkennara. Guðrún var elsta barnabarn Matthíasar Jochumssonar. Hún giftist Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra í Forsætisráðuneytinu. Þau áttu tvö börn, - Herdísí frönskukennara og Einar sellóleikara. Herdís var gift Valtý Péturssyni listmálara. Eftir er að rannsaka nánar hvað er á segulböndunum en m.a. ritaðra gagna má finna nokkur handrit af „Tónlistartíma barnanna“ sem Guðrún sá um hjá Ríkisútvarpinu um árabíl.




Sjá nánar um Guðrúnu hér.

6. júní 2011**Einar Markan (1902-1973)**

Anne-Marie Markan færði Tónlistarsafni Íslands að gjöf gögn úr eigu Einarssonar Markan, afabróður síns. Gögnin koma frá Jóni Kalman Stefánssyni en Einar var langafi hans. Um er að ræða bréf, myndir, tónleikaskrár og tónsmíðar frá hendi Einar, og þeirra á meðal handrit að óperunni Geysir og Katla frá árinu 1942, auk sönglaga. Má minna á að árið 1976 kom út hefti með 43 sönglögum eftir Einar, og árið 1978 kom út hljómplata með 14 íslenskum sönglögum sem Einar hafði hljóðritað. Einar lést árið 1973 og birtist minningargrein um hann í Morgunblaðinu.

**31. maí 2011****Nótnahefti úr Bárðardal**

Hákon Sigurgrímsson færði Tónlistarsafni Íslands að gjöf lítið handskrifað nótnahefti með nokkru alþýðulögum frá byrjun 20. aldar. Heftið var skrifað í fjósbaðstofunni að Jarlsstöðum í Bárðardal og má þar sjá nöfn systkinanna á bænum, Unnar, Sturlu, Rebekku og Ástríðar Jónsbarna, en Unnur var móðir Hákonar. Er þetta hefti fagurt dæmi um löngun þjóðarinnar til að læra tónlist, sem hún og gerði við þær aðstæður sem þá var boðið á íslenskum sveitaheimilum. Gegndu orgelharmoníum þar stóru hlutverki. Í heftinu má m.a. sjá dagsetninguna 1/1 1913.

**19. apríl 2011****Orgel dr. Urbancic**

Kristján Sigtryggsson afhenti Tónlistarsafni Íslands til varðveislu mynd af orgeli dr. Viktors Urbancic en á orgelinu stendur mynd af dr. Urbancic sjálfum. Í bréfi Kristjáns sem fylgdi gjöfinni segir hann:

„Skömmu eftir andlát Dr. Viktors Urbancic vann ég að grein um hann fyrir Organistablaðið. Þá heimsótti ég konu hand, Dr. Melittu og hún fræddi mig um ýmislegt frá lífsferli þeirra hjóna. Hún bað fyrir þessa mynd af orgeli hans í stofunni á Langholtsvegi og óskaði að hún yrði varðveitt á skrifstofu Organistafélagsins. Félagið hefur aldrei eignast eigin skrifstofu og þessvegna afhendi ég myndina Tónlistarsafni Íslands til varðveislu“. Myndin hangir nú í safninu.



Hvað orgelið sjálft varðar, stendur það á orgelverkstæði Björgvins Tómassonar á Stokkseyri.

31. mars 2011**Mandólinhljómsveit Reykjavíkur**

Sveitin starfaði á árunum 1943 til 1949 og hélt nokkra tónleika. Hljómsveitin lék m.a. í útvarp og til eru nokkrar hljóðritanir með leik hljómsveitarinnar.

**25. mars 2011****Sænskur barkarlúður**

Finna má tvær gerðir barkalúðra. Önnur gerðin er er byggð úr löngum barkarræmum, og eru mjórri í annan endann, sem flettast í spíral af tréstanmanum. Börkurinn mótast síðan í 20-110 sentimetra lúður, stundum utan um mót sem hjálp.

Hin gerðin, sem jafnframt er útbreiddari, er í sinni einföldustu mynd klofinn tréstanmi sem er holaður innan og síðan eru báðir helmingarnir bundnir saman af tréreimum eða með því að vefja berkinum utan um þá.

Báðar gerðirnar er þekktar allt aftur frá miðöldum, en ætla má að þær séu enn eldri og hafi haft mikla útbreiðslu um Evrópu.



Barkalúðurinn, í sínum ólíku gerðum er hljóðfæri sem er dæmigert fyrir skógarsvæðin norðan Alpanna og Karpatafjallanna.

Barkalúðurinn var notaður til að fæla burt óværu og hræða vargfugla og birni, en einnig til að senda boð yfir miklar vegalengdir. Á Norðurlöndum hefur hann verið nýttur til boðskipta meðal fjárhirða. Hjúsetustúlkurnar notuðu lúðrana til að senda boð til kolleganna eða til fólksins sem bjó niðri í dalnum. Lúðrarnir hafa einnig verið notað sem hljóðfæri en margar hjúsetustúlkunnanna lærðu að leika laglínur á þau.

9. mars 2011

Þjóðhátíðarlög Oddgeirs

Hjónin Sigríður Jóna Kristinsdóttir og Guðni Agnar Hermansen bjuggu allan sinn búskap í Vestmannaeyjum. Meðan nótnanna sem bárust safninu eru ýmis þjóðhátíðarlög eftir Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ. Tónlistarsafn Íslands þakkar Jóhönnu og Kristni fyrir góða gjöf.



3. mars 2011

Halldóra Torfadóttir gefur nótur

Halldóra Torfadóttir færði Tónlistarsafni að gjöf nótur með lögum eftir Kristinn Rey og Maríu Brynjólfsdóttur. Meðal nótnanna var handrit að verkinu Islander Suite III fyrir Sinfóníuhljómsveit eftir Rudolf Cech-Böham, í píanóútsetningu. Samkvæmt bréfi sem fylgir handritinu lék Rudolf í Sinfóníuhljómsveitinni árið 1971 og byggir hann verkið á lagi eftir Jón Laxdal. Nótur þessar koma allar úr dánarbúi Magnúsar Torfa Ólafssonar fyrrverandi ráðherra. Færum við Halldóru okkar bestu þakkir.



28. febrúar 2011

Eiður og Eygló færa Tónlistarsafni nótur

Eiður Guðnason og kona hans, Eygló Helga Haraldsdóttir færðu Tónlistarsafni að gjöf nótur með frumútgáfum af ýmsum íslenskum nótum. Meðal laganna sem þarna má finna eru sálmalög Guðrúnar Böðvarsdóttur, Á föstudaginn langa og Ég er að byggja. Þá eru tvö hefti með samtals átta lögum eftir Jóhönnu S. Sigurðardóttur, Dagsetur eftir Vestur-íslensku tónlistarkonuna Elmu Gíslason. Þá var meðal nótnanna hefti með lögunum úr óperettunni Meyjaskemmuni sem sett var upp í Iðnó árið 1934 - öll með íslenskum texta. Eiður hafði keypti nóturnar í Kolaportinu með það í huga að færa safninu hann að gjöf. Við þökkum Eiði og Eygló kærlega fyrir þennan hlýhug.



28. janúar 2011**Hljóðrit frá Tónlistarskólanum í Reykjavík**

Sesselja Halldórsdóttir, víóluleikari og bókavörður Tónlistarskólans í Reykjavík, færði Tónlistarsafni Íslands til varðveislu hljóðrit frá níunda áratugnum þar sem á leika m.a. Hlíf Sigurjónsdóttir, Pétur Jónasson, Þórhallur Birgisson, Þorsteinn Gauti Sigurðsson. Einnig hljóðritanir frá hátíðinni Ung Nordisk Musik sem haldin var á Íslandi árið 1977.



Bjarki Sveinbjörnsson
forstöðumaður